

Mál nr. 252/2020

M og
V v/ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar XÁgreiningur um hvort bótaskyld líkamstjón hafi orðið af völdum áreksturs 28. mars 2019.**Gögn.**

Málskot, móttækið 22. júlí 2020, ásamt fylgigögnum.

Bréf V, dags. 16. mars (sic) 2020, ásamt færslu úr sjúkraskrá dags. 12. október 2017 og PC-Crash skýrslu dags. 5. ágúst 2019.

Tölvupóstur lögmanns M, dags. 18. ágúst 2020.

Málsatvik.

Í gögnum málsins kemur fram að árekstur varð milli bifreiðar sem M ók og bifreiðarinnar X sem ekið var aftan á bifreið M. Í tjónstilkynningu Aðstoðar&Öryggis vegna árekstursins kemur fram að M greindi frá því í samtali við starfsmann fyrirtækisins 2. apríl 2019 að hún væri með verki í baki og hálsi. Í gögnum málsins kemur einnig fram að M leitaði þann dag til læknis og áður hafði hún leitað á Læknavaktina á árekstrardegi. Einnig koma fram upplýsingar í læknisfræðilegum gögnum um fyrra heilsufar M.

M telur sannað að hún hafi orðið fyrir líkamstjóni sem leitt hefur til varanlegra afleiðinga í árekstrinum og telur að ekki sé hægt að byggja afstöðu V til greiðslupátttöku vegna gagnaöflunar og matsgerðar á niðurstöðu svokallaðrar PC-Crash skýrslu sem aflað var einhliða af hálfu V.

V vísar til þeirrar skýrslu með þeim rökum að þar komi fram að árekstur hafi verið mjög vægur og nær engar skemmdir hafi orðið á bifreið M við áreksturinn og þannig ómögulegt að hún hafi hlotið líkamstjón við áreksturinn. Einnig telur V að einkennum M séu svipuð og hafi haft áður og þannig sé ekki sannað að þau séu einungis að rekja til árekstursins.

Álit.

Ágreiningur þessa máls varðar það hvort líkamleg einkenni M megi rekja til árekstursins hinn 28. mars 2019. Hvað varðar hraða- og höggútreikning í svokallaðri PC-Crash skýrslu verður ekki litið framhjá því að hennar er einhliða aflað af V, en ekki liggur fyrir t.d. mat dómkvadds matsmanns á þyngdarkrafti. Þó skýrslan lýsi litlum þyngdarkrafti árekstursins verða ekki dregnar víðtækar almenningar ályktanir af sönnunargagni sem er einhliða aflað eða án þess að litið sé til annarra gagna.

Í málinu liggja fyrir eitt læknisvottorð sem lýsa einkennum M eftir áreksturinn. Einnig eru lýsingar af fyrri einkennum sem svipar mjög til þeirra einkenna í mörg ár áður en til árekstursins kom.

Ef orsakatengsl eru sönnuð getur M átt rétt á bótum fyrir líkamstjón samkvæmt reglum skaðabótalaga nr. 50/1993 með síðari breytingum. Auk sjúkrakostnaðar og annars fjártjóns eru bóталиðir samkvæmt lögnum tímabundið atvinnutjón (2.gr.), þjáningar (3. gr.), varalegur miski (4. gr.) og varanleg örorka (5.-9. gr.).

Gögn um líkamstjón það sem M hlaut í árekstrinum 19. febrúar 2019 sýna ekki með óyggjandi hætti að skilyrði séu til greiðslu bóta skv. þessum liðum. Þannig liggur m.a. engin matsgerð hæfra og óvilhallra aðila fyrir í málinu um hverjar séu þær líkamlegu afleiðingar sem hún býr við og rekja má sérstaklega til slyssins. Samkvæmt fyrirbyggjandi gögnum, hefur ekki verið sýnt fram á að M eigi rétt á frekari bótum samkvæmt ákvæðum skaðabótalaga vegna líkamstjóns síns. Þegar af þessari ástæðu á M ekki rétt á frekari bótum úr ábyrgðartryggingu bifreiðarinnar X hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu bifreiðarinnar X hjá V.

Reykjavík, 22. október 2020.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögmn.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.